

## 428. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 4. október 2007 kl. 17:40 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Ólafur Guðmundsson, formaður  
Gretar D. Pálsson  
Berglind Axelsdóttir  
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.

Ólafur Guðmundsson setti fund og fól Erlu bæjarstjóra fundarstjórn.

### 1. Fundargerðir nefnda.

#### 1.1. Umhverfisnefnd, dags. 24.09.2007 og 02.10.2007.

Fundargerðir framlagðar og samþykktar.

Bæjarráð tekur undir ábendingu umhverfisnefndar um að hundaeigendur taki upp úrgang eftir hunda sína og hafi hunda sína í bandi.

Stöðuleyfi við Reitarveginn eru útrunnin og verða ekki endurnýjuð. Eigendum er bent á aðstöðu á geymslusvæði í Heljarmýri.

#### 1.2. Safna- og menningarmálanefnd, dags. 25.09.2007.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

#### 1.3. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 02.10.2007.

Fundargerð framlögð.

**Liður 1** Hjörleifur Sigurþórsson/ Brynjar Danielsson f.h. eigenda Skólastígs nr.

12 sækja um að rífa húsið og byggja nýtt samkvæmt teikningum dags.

25.08.2007, en með síðari breytingum frá 14.9 2007. Einnig er sótt um afmörkun á lóð. Stærðir: 108,1 m<sup>2</sup>, 275,4m<sup>3</sup>.

Umsögn frá Húsfriðunarnefnd Ríkisins liggur fyrir dags. 4.05.2007.

Samþykkt að grenndarkynna erindið samkvæmt 7. mgr. 43 gr. skipulags- og byggingarlaga fyrir Höfðagötu nr. 2 og 5, Skólastíg nr.7, 8, 9 og 10,

Bókhöfðustíg nr. 8 og 10.

Erindi samþykkt.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

**Liður 2** Trausti Tryggvason Silfurgötu 41 sækir um að staðsetja gróðurskýli á

lóðinni sbr. bréf dags. 13.08.2007. Erindið var grenndarkynnt fyrir eigendum

húsa við Silfurgötu 39, 43, 45 og 47 Skólastíg 26, 28 og 30. Engar athugasemdir bárust.

Erindi samþykkt.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

**Liður 3** Baldur Þorleifsson Ásklif 10 sækir um að loka svölum samkvæmt teikningum frá Hjörleifi Sigurþórssyni / Brynjari Danielssyni dags. ágúst 2007.

Erindi samþykkt.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

**Liður 4** Narfeyri ehf /Baldur Þorleifsson sækir um að flytja hús að Þvervegi nr. 12 og byggja við það samkvæmt teikningum frá Hjörleifi Sigurþórssyni/Brynjari Daníelssyni dags 14.09.2007. Stærðir samtals: 132,4 m<sup>2</sup>, 391 m<sup>3</sup>.

Erindi samþykkt.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

**Liður 8** Tindur ehf, sækir um að byggja stálgrindarskemmu að Nesvegi 14 samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu E.K. dags. sept. 2007. Stærðir samtals: 196.6 m<sup>2</sup>, 946,6 m<sup>3</sup>.

Erindi samþykkt.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

**Liður 9** Gunnlaugur Auðunn Árnason óskar eftir að staðsetja upplýsingaskilti við Sæmundarpakkhús sbr. bréf dags. 28.09.2007.

Erindi samþykkt.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

**Liður 10** Stykkishólmsbær óskar eftir að nýta svæðið norðaustur af Snoppu fyrir geymslupláss.

Erindi samþykkt.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

**Liður 11** Símon Sturluson sækir um að setja milliloft í byggingar við Hamraenda 3, eða mhl. 02-0103, mhl. 01-0103 og 01-0102, samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu E.K. dags. sept. 2007.

Erindi samþykkt.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

Fundargerð samþykkt.

**1.4. Stýrihópur um mótun fjölskyldustefnu Stykkishólmsbæjar, dags. 10.04.2007, 21.05.2007.**

Fundargerðir framlagðar og samþykktar.

**2. Aðrar fundagerðir.**

**2.1. 80. fundur Breiðafjarðarnefndar, dags. 24.08.2007. ([www.breidafjordur.is](http://www.breidafjordur.is))**  
Fundargerð framlögð.

**3. Erindi til kynningar.**

**3.1. Bréf Umhverfisráðuneytis, dags. 20.09.2007 varðandi boð á Umhverfisþing 12. og 13. október 2007.**

Bréf Umhverfisráðuneytis framlagt.

**3.2. Bréf Menntamálaráðuneytis, dags. 21.09.2007.**

Bréf Menntamálaráðuneytis framlagt.

**3.3. Bréf Héraðsnefndar Snæfellinga – Gróðurverndarnefndar, dags. 24.09.2007 varðandi gróðurvernd.**

Bréf Gróðurverndarnefndar framlagt.

**3.4. Bréf Landsskrifstofu Staðardagskrár 21 á Íslandi, dags. 25.09.2007 varðandi ráðgjöf vegna Staðardagskrár 21.**

Bréf Landsskrifstofu Staðardagskrár 21 á Íslandi framlagt.

**3.5. Bréf Svæðisráðs málefna fatlaðra á Vesturlandi, ódags.**

Bréf Svæðisráðs málefna fatlaðra á Vesturlandi framlagt.

**4. Styrkbeiðnir.**

**4.1. Bréf Upplýsinga- og kynningarmiðstöðvar Vesturlands, dags. 14.09.2007 varðandi styrkbeiðni.**

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu.

**5. Samningar.**

**5.1. Verksamningur milli Stykkishólmsbæjar og Palla Sig. ehf., EB véla ehf. og Stefáns Björgvinssonar, dags. 27.09.2007 um endurbætur á Laufásvegi.**

Verksamningur milli Stykkishólmsbæjar og Palla Sig. ehf., EB véla ehf. og Stefáns Björgvinssonar framlagður og staðfestur.

**5.2. Samningur Stykkishólmsbær og OneSystems varðandi kaup á rafrænu mála- og skjalastjórnunarkerfi.**

Samningur Stykkishólmsbæjar og OneSystems framlagður og staðfestur.

**6. Kauptilboð.**

**6.1. Kauptilboð frá Ómari Erni Gunnarssyni, dags. 01.10.2007 í húseignina Áskinn 2a.**

Kauptilboð Ómars Arnar Gunnarssonar samþykkt í húseignina Áskinn 2a.

**7. Lóðarumsókn.**

**7.1 F.h. óstofnaðs félags sækja Jón Á. Ingólfsson og Páll V. Þorbergsson um reit merktan Aa v/Laufásvegur og Borgarbrautar, dags. 24.09.2007.**

Samþykkt að veita óstofnuðu félagi Jóns Á. Ingólfssonar og Páls V. Þorbergssonar lóðina Aa v/ Laufásveg og Borgarbraut fyrir verslun og þjónustu samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Berglind situr hjá.

**7.2. Ýsuheiði ehf. sækir um lóð við Nesveg 16 og viðbyggingu við iðnaðarhúsnæði sem Gestur Hólm, S. Sturluson ehf. og ÞB Borg ehf. eiga, dags. 03.10.2007.**

Samþykkt að vísa umsókn til umsagnar í skipulags-og bygginganefnd, ásamt hafnarstjórn.

**8. Umsóknir um starf forstöðumanns æskulýðsmiðstöðvar.**

Samþykkt að bæjarstjóri gangi til samninga við Maríu Kúld Heimisdóttir og Matthías Arnar Þorgrímsson.

**9. Erindi til umsagnar.**

**9.1. Reglugerð um lögreglusamþykkt**

**[http://www.samband.is/files/793485953dreg\\_reglug\\_um\\_logreglusamthykktir.pdf](http://www.samband.is/files/793485953dreg_reglug_um_logreglusamthykktir.pdf)**

Bæjarráð hefur engar athugasemdir.

**10. Til afgreiðslu**

**10.1. Tilboð Íslenska gámafélagsins í miðlæga moltugerð og grænar tunnur á hvert heimili í Stykkishólmsbæ.**

Samþykkt að bæjarstjóri gangi til samninga við Íslenska gámafélagið um miðlæga moltugerð og grænar tunnur á hvert heimili í Stykkishólmsbæ.

**10.2. Drög að starfslýsingu umsjónarmanns fasteigna Stykkishólmsbæjar.**  
Drög framlögð.

**11. Önnur mál.**

**11.a Varðandi skráningu atkvæða.**

Bókun

Varðar bókun minnihlutans á síðasta bæjarstjórnarfundi nr. 227 um skráningu atkvæða.

Í bókun minnihlutans frá bæjarstjórnarfundi nr. 227 er röng staðhæfing. Minnihlutinn staðhæfir að á síðari hluta síðasta kjörtímabils hafi mátt lesa úr fundargerðum hvernig einstakir fulltrúar greiddu atkvæði. Skv. talningu á afgreiðslum eru 759 samþykktir í fundargerðum bæjarstjórnar og bæjarráðs á síðari hluta síðasta kjörtímabils þ.e. frá 1. janúar 2005 fram að kosningum. Þar af eru skráðar atkvæðagreiðslur með mun 12. Af þessum 12 atkvæðagreiðslum eru 5 þeirra skráðar með afstöðu. Það sem af er þessu kjörtímabili eru samtals 965 samþykktir í fundargerðum bæjarstjórnar og bæjarráðs. Þar af eru 22 atkvæðagreiðslur með mun og 16 af þeim skráðar með afstöðu. Ennfremur má sjá á bókunum með atkvæðagreiðslu þegar það á við hver afstaða bæjarfulltrúa er. Því er hafnað að um lýðræðislega afturför sé að ræða og minnt á að það er undir hverjum bæjarfulltrúa komið hvernig viðkomandi óskar eftir að atkvæði hans sé bókað hverju sinni. Það eru slök vinnubrögð af hálfu minnihlutans að slá fram staðhæfingu eins og í framangreindri bókun að óathuguðu máli.

Gretar D. Pálsson  
Ólafur Guðmundsson

Fundargerðin upplesin og samþykkt.  
Fundu slitið kl. 19:05  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.